

Eimskipafélag Íslands hf.

Ályktunartillögur fyrir aðalfund 2019

Hluthöfum er bent á að endanlegar tillögur stjórnar verða lagðar fram tveimur vikum fyrir aðalfund. Öll gögn vegna aðalfundar er að finna á vefsíðu félagsins: www.eimskip.is/investors/agm

2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2018 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2018

Félagsstjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður vegna reikningsársins 2018 sem nemur 3,50 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 653,2 milljónum króna sem samsvari um 64,8% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur¹ því 29. mars 2019 og arðsréttardagur² 1. apríl 2019. Lagt er til að útborgunardagur³ verði þann 10. apríl 2019.

4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna félagsins verði samþykkt.

5. Kosning stjórnar félagsins

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar

Endanlegar tillögur stjórnar um ákvörðun þóknana til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar verða birtar eigi síðar en fjórtán dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

7. Kosning endurskoðenda

Lagt er til að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, verði endurkjörnir endurskoðendur félagsins fyrir árið 2019.

¹ **Arðleysisdagur** er sá dagur sem viðskipti hefjast án arðsréttinda, þ.e. næsti viðskiptadagur eftir aðalfund.

² **Arðsréttardagur** er sá dagur sem hluthafar verða að vera skráðir í hlutaskrá til að eiga rétt á arði, þ.e. annar viðskiptadagur eftir aðalfund. Þetta þýðir að hluthafar sem hafa keypt hluti á aðalfundardegi munu fá greiddan arð.

³ **Útborgunardagur** er sá dagur sem arður er greiddur út til hluthafa.